

## 39. Það sem mér finnst gaman og það sem ég geri

Það fer ekki alltaf saman



Málefni	Mismunun, fjölskyldan og aðrir umsjáraðilar, kynjajafnrétti
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	45 mínútur
Hópstærð	8–20 börn
Tegund verkefnis	Framsetning forgangsmálefna, umræður
Yfirlit	Börnin nefna hluti sem þeim finnst gaman að, finnst ekki gaman að, eða hefðu gaman af að gera, og litið er á sem „viðeigandi“ eða „óviðeigandi“ eftir því hvoru kyninu þau tilheyra. Þau ræða síðan um staðalmyndir kynjanna og tengja þær mannréttindum.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að uppgötva eigin og annarra hæfileika og kunnáttu</li> <li>• Að gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem kynbundnar staðalmyndir hafa</li> </ul>
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Valfrjálst: ljósrit af spurningalistanum</li> </ul>
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Pappír og pennar</li> <li>• Valfrjálst: ljósrit af spurningalistanum</li> </ul>

### Leiðbeiningar

- Byrjaðu umræðuna um hlutverk kynjanna með því að spyrja hvort litið sé á eitthvert atferli og athafnir sem „stelpulegar“ eða „strákalegar“, og fáðu börnin til að nefna dæmi.
- Láttu börnin fá pappírsmiða og blýanta. Segðu börnunum að skrifa eftirfarandi niður:
  - Skrifa efst á blaðið hvort þú ert stelpa eða strákur.
  - Nefna fjögur atriði sem þú gerir og finnst gaman að gera og litið er á sem „viðeigandi fyrir þitt kyn“.
  - Nefna fjögur atriði sem þú gerir en finnst ekki gaman að gera og litið er á sem „viðeigandi fyrir þitt kyn“.
  - Nefna fjögur atriði sem þú gerir ekki og finnst ekki gaman að gera og litið er á sem „viðeigandi fyrir hitt kynið“.
  - Nefna fjögur atriði sem þú gerir ekki en fyndist gaman að gera og litið er á sem „viðeigandi fyrir hitt kynið“.
- Biddu börnin að deila nokkrum svörum sínum við hverri spurningu og skráðu þau á töflu eins og þá sem er hér fyrir neðan.

	Ég geri og finnst það gaman	Ég geri en finnst það ekki gaman	Ég geri það ekki og langar ekki til þess	Ég geri það ekki en myndi langa til þess
Stúlkur				
Drengir				



## Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Kom ykkur eitthvað á óvart sem öðrum finnst gaman eða ekki gaman?
  - b. Sjáið þið eitthvert samhengi í hlutunum þegar þið skoðið listann yfir það sem börn langar að gera en gera ekki?
  - c. Hvað verður um stelpu sem gerir „strákahluti“? En strákur sem gerir „stelpuhluti“? Hvers vegna er þetta svona?
  - d. Hvernig myndi fullorðna fólkið í fjölskyldunni svara þessum fjórum spurningum?
  - e. Eru aðrir í fjölskyldunni með sömu hugmyndir um hvað sé „viðeigandi“ fyrir konur/stelpur eða karla/stráka?
  - f. Hvernig fáum við hugmyndir okkar um hvað sé „viðeigandi“ fyrir karla/stráka eða konur/stelpur?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Hvaða áhrif hefur það á stelpur og stráka að því séu takmörk sett hvað þau geta gert? Hvernig gæti það virkað á fjölskylduna? Á samfélagið?
  - b. Haldið þið að kynhlutverkin (eða staðalmyndirnar) séu að breytast? Ef svo er, hvernig?
  - c. Hafið þið einhvern tímann reynt að rísa gegn kynhlutverkum? Hvað gerðist?
  - d. Hvers vegna takmarka kynhlutverk/staðalmyndir mannréttindi einstaklingsins?
  - e. Hvað getum við gert til að rísa gegn kynhlutverkum í okkar hópi?

## Tillögur um framhald

- Önnur verkefni þar sem fjallað er um kynhlutverk/staðalmyndir: „Einu sinni var ...“, bls. 78, og „Strákar gráta ekki“, bls. 179.
- Verkefnið „Orð sem særa“, bls. 160, gengur út á að skoða særandi orðalag, byggt á staðalmyndum kynjanna, sem og annars konar svívirðingar.

## Hugmyndir um aðgerðir

Ræddu við börnin um ýmsar hugdettur þeirra þegar fjallað var um það sem þau „gera ekki en myndi langa til að gera“. Leitaðu leiða með þeim til að prófa einhver þessara verkefna við jákvæðar aðstæður.

## Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Bentu börnunum á að nefna dæmi um atferli eða útlit sem talið er „viðeigandi fyrir kynin“ (t.d. að hafa gaman af fallegum fötum, vera grátgjarn, bölvá og ragna, lenda í deilum).
- Annar kostur: Sum börn vilja helst ekki eða finnst vandræðalegt að segja að þau hafi gaman af að gera eitthvað sem öðrum finnst „óviðeigandi“. Til að koma í veg fyrir slíkt er hægt að 1) safna saman miðunum, rugla þeim saman og biðja börnin að lesa nafnlaus svör frá hvoru kyninu sem er; 2) skipta börnunum í litla stelpu- eða strákahópa og biðja þau að svara spurningunum saman í hóp; 3) láta svara spurningunum skriflega.
- Ef þörf krefur skaltu gera grein fyrir hugtakinu „staðalmynd“, ræða um merkingu þess og fá börnin til að nefna dæmi. Fjallaðu um hvernig staðalmyndir geta sett mannréttindum fólks ákveðin takmörk.
- Þegar þú spyrð hvernig komið sé fram við þá sem fylgja ekki staðalmyndum um hegðun kynjanna skaltu spyrja hvaða orð eru notuð um þessi börn og ræða um hvað í þeim felst (t.d. „stelpustrákur“, „strákastelpa“ eða „hommi“).

